Jarðarför

Í gær var pabbi jarðaður. Um 150 manns fylgdu honum til grafar, þar af um 120 við húskveðju heima. 15 samúðarskeyti bárust. Ég hef aldrei skilið það fyr en nú, við fráfall pabba, hvað maður er getulaus þegar að dauðastundinni kemur hvað lítið er hægt að gera fyrir hinn deyjandi mann og hvað hann verður að heyja hina síðustu baráttu einn, frá sjónum þeirra er lifa, er séð.

Pabbi er búinn að vera túmfastur í 1 1/2 ár sem farlama gamalmenni. Svo, þann 5. þ.m. fékk hann slag og var að því er virtist, meðvitundarlaus þá 4 daga, sem bann lifði eftir það. Allan þann tíma virtist líkaminn heyja harða baráttu svo, að maður undraðist það viðnám sem hann veitti, en að síðustu smá fjaraði allt út. Þennan tíma var ekkert hægt fyrir hann að gera, nema snúa honum í rúminu. Það var ekki hægt að vökva hann neitt því bann gat ekki kyngt.

Það má því segja að dauðinn hafi verið kærkominn hvíld og gleðiefni öllum er til þekktu. Mér fannst það ákaflega mikið gleðiefni að hugsa mér pabba búinn að fá aftur nýjan starfhæfan líkama vera aftur búinn að fá fjör sitt, starfsþrek og áhuga. En þó - nú þegar búið er að jarða, þegar hann er alfluttur héðan af heimilinu get eg ekki annað en grátið. Grátið og aftur grátið. Ég er búinn að ganga um allt úti og inni og mér finnst að alstaðar vanti eitthvað og ég græt. Eg get ekki litið framan í fólkið því þá fer ég að gráta. Ég mætti Hadda í dyrunum og tók hann í fangið og grét. Þetta er sjálfsagt þrekleysi, en ég á svo margs góðs að minnast. Guð veri með þér pabbi minn og þakka þér fyrir allt - allt.

24.05.1939